

Kristín Þorkelsdóttir sýnir teikningar og vatnslitamyndir af „stelpunum okkar“ í sókn og vörn –

STELPUR Í SÓKN

Ég sýni línuteikningar af „stelpunum okkar“ í sókn og vörn.

Í hitteðfyrri heillaðist ég af leik þeirra og spilagleði. Nútíma myndavélar ná svo ótrúlegum augnablikum af þeim og **frysta í loftinu eins og sjá má á íþróttasiðum dagblaðanna.**

Minn maður kveikti í mér og gaukar öðru hverju að mér úrklippum.

Þá stenst ég ekki freistinguna og læt þennann minn dansa á pappírnum.

Skemmtunin felst í líkamsstöðum stelpnanna í lausu lofti sem útilokað er að sjá hjá standandi módeli.

Sókn og vörn á líka við mig sjálfa – hreyfihömluð eins og ég er orðin. Ég sæki gleði mína í myndlistariðkun við ólíkar aðstæður. Núna skemmta stelpurnar mér – ég finn hvernig ég lyftist upp andlega og líkamlega, við að glíma við ótrúlegar líkamsstöður þessara þaulæfðu íþróttakvenna.

Í annan tíma mála ég árstíðirnar úti í náttúrunni og garðinum. Ég geng um hverfið mitt, stundum tvisvar á dag, og drekk í mig andrýmið og litina í kappi við pappírinn. Þannig verst ég stöðnun og afturför sem hreyfingarleysi orsakar. Um vetur stefnir göngugeta mín niður á við vegna ófærðar og jarðbanna. Með vorinu liggur framfaralínan upp á við – hægfara, en stöðugt upp. Þannig verða sigrar til: með ástundun, stuðningi og seiglu.



*Kristín Þorkelsdóttir,
myndlistarmaður og grafískur hönnuður,
Lindarhvammi 13, 200 Kópavogur,
sími 895 6577 & 554 2688,
netfang: kristin@gallery13.is, www/gallery13.is*

Sýningin er í setustofu KSÍ á Laugardalsvelli